

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 23/2021, um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2020/2021.

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 33.388 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands norðan 64°30'N.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. janúar 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.